

# MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI

AKUREYRI MUSEUM



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/1852*  
*komudagur 19.3.2008*

Menntamálanefnd Alþingis  
Alþingi, 150 Reykjavík.

18. mars 2008

*Umsögn um tillögu til þingsályktunar um prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða, þingskjal 238. mál no. 220.*

Tekið er undir meginefni tillögunnar, að aukið verði verulega við framboð náms í safnafræðum hér á landi. Boðið verði upp á grunnám og framhaldsnám í safnafræðum (museologi) sambærilegt við það sem gerist á hinum Norðurlöndunum, þar sem slíkt nám er í boði, og aðlagð að íslenskum aðstæðum.

Tengingin við Byggðasafnið í Skógum þýðir væntanlega að fyrirhuguð staða prófessors sé einkum hugsuð til að gagnast þeim söfnum sem starfa innan ramma þjóðminjalaga. Menningarsögulegum söfnum hefur vissulega vaxið mikið fiskur um hrygg á síðustu áratugum. Mikill vöxtur í safnageiranum kallar á meiri menntun sem eykur fagmennsku í rekstri og uppbyggingu safna. Vafalaust yrði meira námsframboði í safnafræði vel tekið.

Virðingarfyllst,

  
safnstjóri.